

REGLUGERÐ

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ákvörðun tollverðs innfluttra bifreiða, sem flokkast undir vörulið nr. 8703 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breyting á þeim. Notuð telst bifreið því aðeins í þessu sambandi að hún hafi í minnst þrjá mánuði verið skráð eða leyfi veitt til aksturs hennar erlendis og óyggjandi sé að hún hafi verið notuð til aksturs þann tíma. Leiki vafi á um hvort bifreið hafi verið notuð getur tollyfirvald leitað álits Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Séu skilyrði 1. mgr. eigi uppfyllt skal bifreiðin tollafgreidd sem ný og tollverð hennar ákveðið samkvæmt reglum 8. — 10. gr. tollalaga nr. 55/1987.

2. gr.

Tollverð notaðrar bifreiðar skal vera reiknað verð bifreiðar fundið samkvæmt reglum sem kveðið er á um í reglugerð þessari, að viðbættu flutningsgjaldi, váttryggingariðgjaldi svo og öðrum kostnaði sem mynda tollverð vara samkvæmt 9. gr. tollalaga.

3. gr.

Við verðákvörðun skal leggja til grundvallar fob- verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða sams konar tegund samkvæmt skrá um grunnverð bifreiða, sbr. 6. gr. Af grunnverði þessu, sem telst fyrningargrunnur, skal reiknuð fyrning samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Frá grunnverði samkvæmt 3. gr. skal draga fyrningu sem er hundraðshluti fyrir hvern aldursmánuð bifreiðar, sbr. 1. mgr. 5. gr., sem hér segir:

1. Bifreiðar, eingöngu til fólksflutninga og fyrir 9 manns eða færri að meðtöldum ökumanni, þ.m.t. skutbifreiðar (station): 1,5% fyrir hvern mánuð fyrir fyrstu 12 mánuðina og 1% fyrir næstu 24 mánuðina.
2. Aðrar bifreiðar: 1,2% fyrir hvern mánuð fyrstu 12 mánuðina og 1% næstu 24 mánuðina.

5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar miðast við 1. janúar árgerðarárs bifreiðar en lok fyrningar við komumánuð flutningsfars til landsins og skal hann talinn með til fyrningar.

Skráningu eða leyfi til aksturs bifreiðar svo og árgerð bifreiðar skal sanna með vottorði útgefna af opinberum skráningaraðila í því landi þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun eða á annan þann hátt sem tollyfirvald metur gildan.

Við verðákvörðun samkvæmt 3. og 4. gr. skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar.

Verðákvörðun samkvæmt 3. og 4. gr. er endanleg.

6. gr.

Ríkistollstjóri skal árlega láta gera skrá um grunnverð algengustu tegunda nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt reglugerð þessari. Í því skyni má hann krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra bifreiða sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi. Sé grunnverð bifreiðar eigi tilgreint í skrá ríkistollstjóra skal innflytjandi afla vottorðs hjá viðkomandi bifreiðaumboði um fob-verð bifreiðar eins og það er í upphafi hvers árs og leggja það fram með öðrum tollskjölum hjá tollstjóra.

7. gr.

Sé eigi unnt að finna verð samkvæmt 3. — 5. gr. reglugerðar þessarar, þar sem grunnverð bifreiðar er eigi tilgreint í skrá ríkistollstjóra og upplýsingar um fob- verð nýrrar bifreiðar af sömu eða sams konar tegund eins og það er í upphafi árgerðarárs verður eigi aflað hjá viðkomandi bifreiðaumboði, skal tollverð bifreiðar ákveðið samkvæmt 8. — 10. gr. tollalaga nr. 55/1988 og reglugerð nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun. Skal það m.a. gert hafi framleiðslu bifreiðartegundar verið hætt án þess að í staðinn hafi komið sams konar tegund, verulegar breytingar verið gerðar milli ára og árgerðir því ósambærilegar eða verulega skorti á að um fullgerða bifreið sé að ræða. Sé bifreið svo löskuð að hún þarfnist verulegrar viðgerðar til þess að komast í ökuhæft ástand og ætla má að viðgerð kosti þriðjung eða meira af söluverði sambærilegrar bifreiðar innanlands skal bifreiðin metin til tolls samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi 15. mars 1988.

Fjármálaráðuneytið, 15. febrúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt frá 2. desember 1987 um sorpeyðingu á Raufarhöfn.

1. gr.

2. gr. 8. tl. fellur niður og aðrir tl. breytast sem því nemur.

2. gr.

Ofangreind samþykkt staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. febrúar 1988.

F.h.r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.